

Nd.

973. Rökstudd dagskrá

feld í neðri deild 7. september.

Flutningsm.: Jón Jónsson og Þórarinn Jónsson.

(Till. til þingsál. um uppeldismál á þgskj. 451).

Í því trausti, að stjórnin rannsaki, hversu alþýðufræðslunni verði best hagað, svo sem:

1. Á hvaða aldri muni hentast að hafa skólaskyldu.
2. Á hvern hátt mætti byggja sem mest á heimilifræðslu, og ganga þó jafnframt svo frá eftirliti með henni, að tryggilegt væri.
3. Að vandlega sje gætt þeirrar stefnu, að tryggja öllum börnum jafnan rjett til fræðslu, hvað sem um efni er og ástæður.
4. Hversu breyta mætti kennaraskólanum, svo að kennarar verði sem best búnir undir starf sitt.
5. Að kennurum sjeu tryggð sæmileg æfiskjör.
6. Hversu best yrði komið fyrir unglíngafraedslu í landinu, að fjölgað sje unglíngaskólum og komið á þá föstu skipulagi í samræmi við barnafræðsluna og við æðri skólana eftir föngum,

og að hún undirbúi og leggi þegar fyrir næsta reglulegt þing frumvarp til laga um bráðabirgðabætur á launum og ráðningarkjörum kennara, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.